



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa og nýtingu smáhýsa á Granda

Þann 31. ágúst 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa og nýtingu smáhýsa á Granda:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvernig heilbrigðisþjónustu fólks sem nýtir smáhýsin t.d út á Granda er háttað? Einnig er óskað upplýsinga um hvernig nýting þeirra er? Hafa komið tímabil sem eitt þeirra eða fleiri eru ekki í notkun? Ef svo er hversu lengi og af hvaða ástæðu?

Svar:

Heilbrigðisþjónustu til þeirra einstaklinga sem leigja smáhús er eins háttað og hjá öðrum íbúum höfuðborgarsvæðisins en heilbrigðisþjónusta er á vegum ríkisins en ekki borgarinnar. Starfsmenn VoR teymis og/eða aðrir ráðgjafar í málaflokki heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir aðstoða íbúa smáhúsanna að sækja og mæta í læknisskoðanir og viðtöl. Einnig kemur fyrir að íbúar í smáhúsunum þurfi á heimahjúkrun að halda og sótt er þá um slíka þjónustu líkt og fyrir aðra íbúa.

Ef smáhúsin standa auð er það vegna þess að íbúi flytur út. Áður en til endurúthlutunar kemur eru smáhúsin standsett fyrir nýjan íbúa og er það ástæðan fyrir því að þau geta staðið auð um tíma. Tímalengd standsetningar fer eftir í hvaða ástandi húsum er skilað en ávallt er reynt að flýta standsetningu eins og kostur er.

Búið er í öllum fjórum smáhúsunum á Fiskislóð og hefur nýting þeirra verið góð en engin leigjendaskipti hafa verið þar síðastliðin 2 ár.

Í Skógarhlíð þar sem eru tvö hús, hefur einu sinni verið standsett milli leigjendaskipta og tók það 30. daga.

Við Gufunesveg þar sem eru 5 hús, gefur meðaltal ekki góða mynd en standsetningar þar hafa tekið frá 22 dögum í 30 daga. Tvö húsanna tóku mun lengri tíma í standsetningu, vegna vatnsskemmda, leka eða galla í hitakerfi, og eyðileggingar á íbúð. Standsetning þessara tveggja húsa tók annars vegar 3 mánuði og hins vegar 6 mánuði.